

Fréttabréf heimspekikennara

Tillaga til aðalfundar Félags heimspekikennara 9. júní 2012

Félag heimspekikennara samþykkir á aðalfundi sínum 9. júní 2012 að gera rafrænt fréttabréf heimspekikennara að málgagni sínu. Tilgangur fréttabréfsins er að flytja fréttir af starfi félagsins og miðla ábendingum um gagnleg heimspekiverkefni. Fréttabréfið er sent í tölvupósti til áskrifenda í upphafi hvers mánaðar. Allir félagsmenn eru áskrifendur að fréttabréfinu en aðrir áhugasamir geta gerst áskrifendur á www.heimspekitorg.is. Áskrifendur geta á einfaldan hátt skráð sig úr áskrift með því að fylgja hlekk sem gefinn er upp í hverju tölublaði fréttabréfsins.

Stjórn félags heimspekikennara mun nýta almennan tölvupóst til viðbótar við fréttabréfið til að miðla mikilvægustu fréttum til félagsmanna.